

# 5. fundur íþróttá- og menningarnefndar

5. fundur íþróttá- og menningarnefndar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn miðvikudaginn 10. desember 2014 í Norðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 07:15.

## Mætt:

Kjartan Björnsson, formaður, D-lista,  
Axel Ingi Viðarsson, nefndarmaður, D-lista,  
Estelle Burgel, nefndarmaður, Æ-lista,  
Einar Ottó Antonsson, varamaður, D-lista,  
Anton Örn Eggertsson, varamaður, S-lista,  
Bragi Bjarnason, íþróttá- og tómstundafulltrúi.

Bragi Bjarnason ritaði fundagerð.

## Dagskrá:

### Almenn afgreiðslumál

1.

#### 1411026 – Kjör íþróttakonu og -karls Árborgar 2014

Farið yfir drög að dagskrá uppskeruhátíðarinnar sem verður kl.20:00 þann 30.desember í hátíðarsal Fjölbrautaskóla Suðurlands. Fram kom að dagskráin væri með hefðbundnu sniði, afhentar eru viðurkenningar fyrir góðan árangur á árinu, styrkir úr afrekssjóðum og íþróttakarl og -kona Árborgar valin. Samþykkt samhljóða.

2.

#### 1412071 – Hvatningarverðlaun ÍMÁ 2014

Rætt um hvaða félag/deild fengi hvatningarverðlaun ÍMÁ árið 2014. Valið er skráð í fundagerðabók en verður tilkynnt á

uppskeruhátíð ÍMÁ þann 30.des. nk.

**3.**

**1411065 – Menningarstyrkir ÍMÁ 2014**

Kjartan Björnsson, formaður nefndarinnar, víkur af fundi við afgreiðslu þessa máls.

Farið yfir þær sjö umsóknir sem bárust og ákveðið að úthluta til eftirfarandi verkefna:

Hestamannafélagið Sleipnir – jólahátíð kr. 50.000-

Karlakór Selfoss – lagasafn á rafrænt form kr. 50.000-

Sagafest – tónlistar- og listahátíð kr. 75.000-

Konubókastofan – 100 ára kosningabaráttu kvenna kr. 60.000-

Konubókastofan – Verkakonur og þvottakonur á öldum áður kr. 60.000-

Leikhópurinn Lopi – Uppsetning leikrits með unglíngum kr. 50.000-

Samtals veittir styrkir kr. 345.000-

Samþykkt samhljóða.

Kjartan Björnsson, D-lista, kemur aftur inn á fundinn.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 8:40

Kjartan Björnsson

Axel Ingi Viðarsson

Estelle Burgel

Einar Ottó Antonsson

Anton Örn Eggertsson

Bragi Bjarnason